



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

62. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 26. ágúst 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Eggert Ólafsson og Hilmar Þórarinnsson.

Þetta var tekið fyrir:

1. Ingólfur Halldórsson lýsti tillögum um kennararáðningar. Skólameistari benti á að búseta á svæðinu hefði áhrif varðandi tillögur um stöðuveitingu. Samþykkt var að mæla með eftirtöldum umsækjendum:

Árni Hólm	1/2 staða
Guðbjartur Gunnarsson	1/1 staða
Gunnar Jónsson	"
Héðinn Skarphéðinsson	"
Helgi Eiríksson	"
Jón A. Ármannsson	"
Jón Björgvin Hauksson	"

2. Samþykkt var að ráða Valdísi Tómasdóttur sem fulltrúa í stað Vigdísar Gunnarsdóttur.
3. Skólameistari lýsti framkvæmdum í skólahúsunum í sumar. Minnti hann á að sótt var til mennta- og fjármálaráðherra um aukafjárveitingu að upphæð kr. 400.000 til framkvæmdanna. Var hún samþykkt og er þegar greidd. Greiðslur frá sveitarfélögum koma væntanlega næstu daga á móti. Var nefndarmönnum boðið að skoða framkvæmdirnar.

Fjárfestingarfé nemur nú:

a) vegna Iðavalla	kr. 404.429
b) vegna Sunnubrautar 36	" 132.047
c) vegna vélakaupa	" 346.114
d) eðlisfræðiáhöld	" 149.663
e) vegna eldhúsvéla	" 24.170
f) annar stofnkostnaður	" 32.457
g) afborgun vegna Iðavalla	" 504.375
	<u>kr. 1.623.155</u>

Vörukaupum og uppgjöri verka er ekki lokið.

Áætlun pr. 1/1 1981 var kr. 1.183.340,00

Áætlun pr. 1/8 1981 var " 1.100.000,00

Samtals áætlun í fjárfestingu á árinu Kr. 2.283.000,00

4. Ákveðið var að skólasetning færi fram 2. september n.k. í íþróttahúsinu í Keflavík, án sérstakrar viðhafnar.
5. Önnur mál:
 - a) Nokkuð var rætt um flutning nemenda úr næstu byggðum að og frá skólanum, og ýmsar tillögur í sambandi við það.
 - b) Samþykkt var að semja við Steindór Sigurðsson um skólaakstur, á svipuðum grundvelli og undanfarin ár.
 - c) Samþykkt var að gera ráðningarsamninga við ræstingarkonur og matráðskonur.
 - d) Kynnt bréf menntamálaráðuneytis frá 21/7 s.l., þar sem ráðgerðar eru verulegar breytingar til lækkunar á fjárlagaliðum frá áætlun skólans, fyrir árið 1982.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson,
fundarritari.